

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Veiðifélag Kjósarhrepps Brynjudal



Dags eftirlits	13.12.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Veiðifélag Kjósarhrepps	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Káraneskot	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	680269-3789	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Magnússon	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Óðinn, Björn og Sigurður	Staðsetning	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eldra fráviki er lokað og ekki komu fram frávik frá kröfum í starfsleyfi í eftirlitinu.

Tvær ábendingar voru gerðar og snúa þær að því að setja lekabyttu undir formalínbirgðir og að rekstraraðili sendi afrit af neyðaráætlun stöðvarinnar til Umhverfisstofnunar ([ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)).

### UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði í 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í fiskeldi (klak og seiðaelði) Veiðifélags Kjósarhrepps, kt. 680269-3789, í Brynjudal í Hvalfirði.

Starfsleyfi rekstraraðila er nýtt, frá 8. desember 2022 og gildir til 8. desember 2038. Leyfið tekur til landeldis á laxfiskum og hámark lífmassa á hverjum tíma má ekki fara yfir 1 tonn eða 10.000 seiði.

Stöðin er á landbúnaðarsvæði á leigulöð í landi Þrándarstaða í Brynjudal og í sátt við aðalskipulag sveitarfélagsins.

Eftirlitið hófst á fundi. Mættir voru Guðmundur R. Magnússon, Óðinn Elísson, Sigurður Guðmundsson og Björn Theódórsson fyrir hönd rekstraraðila og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

#### Boðuð dagskrá var eftirfarandi:

- Lok útafstandandi frávíks
- Staða rekstursins og mat á losun næringarefna í frárennsli, álag á Brynjudalsá
- Olíumannvirki
- Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2022
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

1. Eitt opið frávik frá síðasta ári var skoðað. Snýr að rekstri fiskeldisstöðvar án gilds starfsleyfis. Umhverfisstofnun samþykkti úrbótaáætlun rekstraraðila þann 22. október 2021 og hefur rekstraraðili unnið með stofnuninni að gerð starfsleyfis fyrir stöðina. Þann 8. desember sl. var starfsleyfi fyrir stöðina gefið út. Frávikinu er hér með lokað.

2. Rekstur stöðvarinnar hefur gengið vel og eru nú um 7 þúsund seiði í stöðinni. Frárennsli stöðvarinnar liggur í læk/settjörn með hægu streymi og setjast þar til einhver næringarefni frá eldinu en vel er fylgst með settjörnninni. Ekki er merkjanleg uppsöfnun næringarefna / ofauðgun í Brynjudalsá.

Lítið er notað af efnavöru / hættulegum efnum í eldinu. Formalín er notað í litlum skömmtum í klakinu og 20 lítra plastbrúsi á staðnum. Bent var á að betur færi á ef brúsinn stæði í lekabyttu.

Með nýju starfsleyfi skal mæla svifefni og lífræn efni (COD) ásamt fosfór og köfnunarefni, í eldisvatni (inntak vatns í stöðina) og í frárennslisvatni neðan settjarnar, tvisvar á ári. Sýnataka skal fara fram annars vegar við hámarksfóðrun og hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki. Ekki er talin þörf á frekari hreinun í frárennsli á meðan niðurstöður mælinga sýna að losun næringarefna sé undir 7 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári fyrir fosfór og undir 60 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári fyrir köfnunarefni. Fyrstu niðurstöður mælinga eiga að skila sér með ársyfirliti fyrir 1. maí nk.

3. Engin vararafstöð er á staðnum og allt vatn sjálfrennandi. Enginn olíugeymir er því í stöðinni.

4. Skoðaðar voru áætlanir sem liggja skulu fyrir, þ.e. áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar (sjá gr. 1.5), neyðaráætlun (sjá gr. 1.5) og áætlun um meðhöndlun úrgangs (sjá gr. 3.10). Rekstraraðili mun senda Umhverfisstofnun ([ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)) afrit af nýrri neyðaráætlun með þeim úrræðum sem í boði er ef kemur til massadaða í stöðinni.

Næst var farið yfir losunarmörk sem sett eru í starfsleyfinu og kröfur um sýnatökur og mælingar sem gerðar eru (sjá ofar).

Þar sem ársframléiðsla er undir 20 tonnum með frárennsli í ferskvatn er stöðin undanþegin skilum á Grænu bókhaldi og þar sem framléiðslugetan nær ekki 1000 tonnum af fiski (þéttbært lagareldi) þá er ekki gerð krafa um skil á Útstreymisbókhaldi.

Skýrslur sem berast skulu til Umhverfisstofnunar eru ársyfirlit fyrir 1. maí ár hvert og upplýsingar um losun á mengandi efnum með rafrænum hætti (umhverfisupplýsingar). Frekari upplýsingum um gagnagátt

Umhverfisstofnunar og gagnaskil verður komið á framfæri við rekstraraðila þegar stofnunin er tilbúin að taka við þeim. 5. Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 kveður á um að Umhverfisstofnun skuli gera áhættumat á fyrirtækjum sem farið er í eftirlit til, og nota áhættumatið til þess að ákveða tíðni eftirlita. Farið var yfir áhættumat stöðvarinnar með fulltrúum rekstraraðila. Niðurstöður matsins munu ekki liggja fyrir fyrr en öllum eftirlitum í sambærilegum fiskeldum er lokið og þá mun verða gefið út skipulag eftirlits stofnunarinnar hjá fiskeldisfyrirtækjum á næsta ári (2023).

6. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á stöðinni í bráð. Engar kvartanir vegna stöðvarinnar hafa borist og engin óhöpp orðið í meðferð efnavöru.

Gengið var með frárennsli stöðvarinnar, meðfram hreinsivirki (settjörn) niður að Brynjudalsá (viðtaka). Engar athugasemdir eru gerðar við frárennismál stöðvarinnar að þessu sinni. Skoðuð var klak og seiðaeldisaðstaða innanhúss. Sjá fyrri ábendingu varðandi efnageymslu.


## ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru gerðar og snúa þær að því að setja lekabyttu undir formalínbergðir og að rekstraraðili sendi afrit af neyðaráætlun stöðvarinnar til stofnunarinnar ([ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)).

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.12.2022



Gottskálk Friðgeirsson